

RAFRÆNAR KOSNINGAR UM FRAMKVÆMDIR Á KJALARNESI

Reykjavíkurborg stendur fyrir rafrænum kosningum um framkvæmdir í hverfum borgarinnar dagana 29. mars – 3. apríl. Þetta er í fyrsta sinn sem rafræn auðkenni eru notuð við kosningar á Íslandi en notast er við veflykil ríkisskattstjóra sem fólk er vant að nota þegar það telur fram til skatts. Mjög einfalt er að kjósa á vefnum.

Í janúar hvatti Reykjavíkurborg íbúa til að setja hugmyndir að smærri framkvæmdum og viðhaldsverkefnum inn á vefinn Betri Reykjavík. Borgarbúar tóku vel við sér og komu með 356 hugmyndir. Úr þeim voru síðan valdar 180 hugmyndir að verkefnum sem nú hefur verið stillt upp til kosninga. Á Kjalarnesi eru mörg áhugaverð verkefni á listanum eins og sjá má hér að neðan og ættu fjölmargar þeirra að verða að veruleika strax í sumar því efstu verkefnin verða framkvæmd á næstu mánuðum.

Eins og sjá má á listunum verða settar rúmar 4,5 milljónir í nýframkvæmdir á Kjalarnesi og rúmar 4,5 milljónir í viðhaldsverkefni. Reykjavíkurborg hvetur alla Kjalnesinga til að taka þátt í kosningunum en allir sem eru orðnir 16 ára og eiga lögheimili í borginni geta tekið þátt.

Reykjavíkurborg setur 300 milljónir króna í svipuð verkefni í öllum hverfum borgarinnar. Fjármagninu er skipt hlutfallslega miðað við íbúafjölda í einstökum hverfum.

Hægt er að kynna sér öll verkefni í hverfum á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/kjostu

KJALARNES

Yfirlit yfir hugmyndir

Heildarkostnaður nýframkvæmda 11.300.000 kr.
Heildarfjárheimild í viðhaldsverkefni 4.543.122 kr.
Mismunur 6.756.878 kr.

1. Sjósundaðstaða við Kléberg.	1.500.000 kr.
2. Fjölgun upplýsingaskilta.	1.000.000 kr.
3. Áningarstaður fyrir hestamenn við Arnarhamar.	500.000 kr.
4. Áningarstaður fyrir hestamenn við Arnarhamar.	500.000 kr.
5. Hellulögn fyrir framan borðsal í Fólkvangi.	4.000.000 kr.
6. Gróðursetning milli Vallár- og Klébergslækja.	1.000.000 kr.
7. Frisbyvöllur.	2.500.000 kr.
8. Gróðursetning berjarunna.	300.000 kr.

Yfirlit yfir viðhaldsverkefni

Heildarkostnaður viðhaldsverkefna 8.700.000 kr.
Heildarfjárheimild í viðhaldsverkefni 4.543.122 kr.
Mismunur 4.156.878 kr.

1. Endurbætur á akstursleið að leikskóla framan við sundlaug	1.000.000 kr.
2. Endurbætur á sundlaug með lítilli rennibraut	2.000.000 kr.
3. Bætt lýsing á gönguleiðum í hverfinu.	400.000 kr.
4. Lagfæringar á göngustíg við sjó meðfram Grundarhverfi	1.000.000 kr.
5. Gler í grindverk við Klébergslaug	1.500.000 kr.
6. Endurnýjun fánastangar við Fólkvang	300.000 kr.
7. Hraðahindrun milli skóla og Fólkvangs.	2.000.000 kr.
8. Laga vegarkanta við aðkomu Klébergsskóla	500.000 kr.